

# Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2016, mánudaginn 17. október, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Presti Ríkharðssyni, Gunnari Guðmundssyni og Halldóri Frímannssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 7/2016:  
Knattspyrnudeild Þórs Akureyri, kt. 670991-2109  
gegn  
ÍBV, íþróttafélag, kt. 680197-2029

Gögn málsins merkt nr. 1-4 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

## ÚRSKURÐUR:

### I.

#### **Kærandi:**

Knattspyrnudeild Þórs Akureyri,  
kt. 670991-2109  
Skarðshlíð v. Hamar  
Fyrirsvarsmaður: Aðalsteinn I. Pálsson

#### **Kærði:**

ÍBV íþróttafélag knattspyrnudeild  
kt. 680197-2029  
Týsheimilið, Vestmannaeyjum  
Fyrirsvarsmaður: Óskar Jósúason

Mál þetta er móttakið af skrifstofu KSÍ 30. september sl. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð með bréfi þann 3. október 2016. Greinargerð barst frá kærða þann 10. október sl.

#### **Kröfur:**

Kröfur kæranda eru að Þór verði dæmdur 0-3 sigur í leik Þórs gegn ÍBV/KFS/KFR er fram fór þann 26. september 2016 í íslandsmóti 2. flokks karla.

### II.

#### **Málsatvik og ágreiningsefni:**

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í leik liðanna er fram fór þann 26. september 2016 í íslandsmóti 2. flokks karla, hafi leikmaður kærða, Tómas Aron Kjartansson, fengið tvö

gul spjöld í leiknum, á 3. og 56. mínútu, án þess að fá brottvísun frá dómara leiksins. Lið kærða hafi þannig spilað með fullt lið allan leikinn en hefði með réttu átt að vera einum færri frá og með 56. mínútu leiksins.

Máli sínu til stuðnings vísar kærandi til 5. gr. knattspyrnulaga 2016-1017

### III.

Hinu kærða félagi var gefinn kostur á að skila greinargerð og barst svar frá félaginu þann 10. október sl.

Af hálfu kærða er kærinni hafnað og því mótmælt að hægt sé að kæra félagið á grundvelli mögulegra mistaka dómara leiksins.

### IV.

#### Niðurstaða:

Í máli þessu hefur Þór kært ÍBV íþróttafélag fyrir það að leyfa leikmanni félagsins að spila áfram í leik liðanna þann 26. september sl. eftir að hafa fengið sitt annað gula spjald án þess að fá brottvísun frá dómara leiksins.

Rökstuðningur kæranda í máli þessu er um margt fátæklegur, þ.m.t. tilvísanir til viðeigandi lagaákvæða og nokkuð á reiki á hvaða grunni kærandi telur kærða hafa brotið af sér þannig að leiða eigi til þess að dæma eigi leikinn tapaðan fyrir kærða. Að því sögðu er þó ekki alveg nægt tilefni til þess að vísa málinu frá á þessum grundvelli

Í 9. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót er fjallað um leikskýrslur. Í gr. 9.5 kemur fram að dómari gangi frá leikskýrslu og skrái m.a. í hana allar nauðsynlegar upplýsingar, þ.m.t. hverjir hafi gerst brotlegir skv. agareglum KSÍ. Verður því að telja að leikskýrsla hafi sönnunargildi um þá aðila sem fengið hafa áminningu í leik hverju sinni.

Í leikskýrslu vegna leiks kæranda og kærða þann 26. september 2016 kemur fram að umræddur leikmaður kærða fékk áminningu á 56. mínútu leiksins. Hins vegar kemur fram að annar leikmaður kærða hafi fengið áminningu á 3. mínútu leiksins.

Málatilbúnaður kæranda fær því ekki stoð í þeirri leikskýrslu sem send var inn vegna leiksins.

Undir rekstri málsins kom fram skýring frá dómara leiksins um að umræddir leikmann kærða hafi báðir leikið í treyju nr. 20 í leik liðanna vegna búningavandamála hjá kærða. Hafi dómari verið upplýstur um slíkt fyrir leikinn og ekki gert athugasemd vegna þessa.

Til viðbótar ofangreindu er ljóst samkvæmt ákvæðum reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál þá er aga- og úrskurðarnefnd ekki heimilt að endurskoða ákvarðanir sem dómari tekur á meðan leik stendur.

Að öllu fyrrgreindu virtu er kröfum kæranda hafnað.

**V.**

**Um fresti vegna áfrýjunar:**

Samkvæmt grein 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

**VI.**

**Úrskurðarorð:**

Kröfum kæranda í málinu er hafnað. Úrslit í leik ÍBV/KFS/KFR og Þórs í Íslandsmóti 2. flokks karla sem fram fór á Ásvelli þann 26. september 2016 standa óbreytt.

---

Pröstur Ríkharðsson [sign]

---

Gunnar Guðmundsson [sign]

---

Halldór Frímansson[sign]